

6. júlí 1987

597

Nr. 309

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum norður af Horni.

1. gr.

Frá og með 8. júlí 1987 og til og með 30. september 1987 eru allar togveiðar bannaðar á svæði, sem markast af línunum dregnum milli eftirgreindra punkta:

1. 66°39'70 N — 23°02'30 V
2. 66°57'00 N — 23°21'00 V
3. 67°01'00 N — 22°12'30 V
4. 66°54'37 N — 22°06'09 V
5. 66°52'23 N — 22°38'13 V
6. 66°39'54 N — 22°24'30 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. júlí 1987.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kjartan Júlíusson.

8. júlí 1987

Nr. 310

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 486/1982, um söluskatt,
með síðari breytingum.

1. gr.

28. töluliður 13. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 34/1984, falli niður.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi frá og með 9. júlí 1987.